**308. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 10. janúar 2024, kl. 15:00.**

**Mætt**: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), Sonja Hrund Steinarsdóttir, J. Trausti Jónsson og Helgi Haraldsson. Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkurbæjar tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

**Dagskrá:**
1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Varavatnsból við Árnarétt í Garði
4. Málefni Laugafisks
5. Vinna á vatnsverndarsvæðum
6. Umhverfismál / umgengni á lóðum
7. Förgun og endurnýting á menguðum jarðvegi
8. Önnur mál

Formaður óskaði nefndarmönnum og starfsmönnum gleðilegs árs, setti fundinn og gengið var til dagskrár.

**1. Yfirlit yfir störf HES**
Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfinni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

**2. Starfsleyfi og skráningar**
**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**
- Satvik restaurant ehf., kt. 671018-0600, Hafnargötu 31, 230 Reykjanesbæ til að reka skyndibitastað.
- Satvik restaurant ehf., kt. 671018-0600, Hafnargötu 30, 230 Reykjanesbæ til að reka skyndibitastað. Afgreiðslu frestað.
- Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Vesturbraut 15, 230 Reykjanesbæ til að reka leikskóla með fullbúnu eldhúsi.
- Reykjanesbær, kt. 470794-2169, til að reka skólastarfsemi að Grænásbraut 619, 262 Reykjanesbæ. Leyfi veitt til 1. júlí n.k.
- Public deli ehf, kt. 570523-0660, Keilisbraut 771, 262 Reykjanesbæ til að reka veitingahús.
- Public deli ehf, kt. 570523-0660, Keilisbraut 771, 262 Reykjanesbæ til að reka matvöruverslun án vinnslu.
- Lagardére travel retail ehf., kt. 610814-0690, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli til að reka matsölustað.
- Ísflix ehf., kt. 530919-0480, til að reka skemmtistað að Hafnargötu 30, 230 Reykjanesbæ. Umsókn hafnað.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Eyrún Jóhannsdóttir, kt. 180390-3329 til að reka dagvistun fyrir 6-10 börn að Tjarnarbakka 8, 260 Reykjanesbæ.
- Monika Marchlewicz, kt. 120377-2139, til að reka snyrtistofu að Hólmgarði 2, 230 Reykjanesbæ.
- Sóley Björg Gunnarsdóttir, kt. 271071-4189, til að reka dagvistun fyrir 6-10 börn að Garðbraut 92, 250 Reykjanesbæ.
- Vinnumálastofnun, kt. 700594-2039, til að reka félagsaðstöðu fyrir fullorðna að Grænásbraut 619, 262 Reykjanesbæ.
- Hestamannafélagið Máni, kt. 690672-0229 til að reka félagsheimili og reiðhöll að Sörlagrund 6, 230 Reykjanesbæ.

**3. Varavatnsból við Árnarétt í Garði**

Farið var yfir vinnu embættisins við bráðabirgðaheimild til jarðborana og rannsóknir á neysluvatninu.

**4. Málefni Laugafisks**

Heilbrigðisnefnd áminnir Laugafisk ehf., kt. 600193-2449 með vísan til XVII. kafla, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir að starfrækja heitlofsþurrkun fiskafurða að Vitabraut 1 á Reykjanesi án starfsleyfis og óleyfilega losun á fráveituvatni.

**5. Vinna á vatnsverndarsvæðum**

Nefndin samþykkir verklagsreglur vegna framkvæmda á eða í grennd við vatnsverndarsvæði og felur embættinu að framfylgja reglunum þegar unnið er að framkvæmdum á slíkum svæðum.

**6. Umhverfismál / umgengni á lóðum**

Starfsmenn kynntu framgang þessara mála frá síðasta fundi.

**7. Förgun og endurnýting á menguðum jarðvegi**

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja skorar á sveitarfélögin á Suðurnesjum að tryggja farvegi fyrir allan úrgang sem fellur til á svæðinu, bæði til skemmri og lengri tíma. Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eru tilbúnir að veita nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf.

**8. Önnur mál**

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 16:00